

Flensborgarhöfn og Óseyrarsvæði

Samráðsnefnd um gerð rammaskipulags

7. fundur

Mánudaginn 19.nóvember kl. 15.00 á hafnarskrifstofunni

Mætt: Kristín Thoroddsen, Ágúst Bjarni Garðarson, Ólafur Ingi Tómasson, Gylfi Ingvarsson, Karólína Helga Símonardóttir, Guðrún Guðmundsdóttir og Lúðvík Geirsson.

- 1) Lögð fram endurskoðuð útgáfa af samstarfssamningi við arkitektastofurnar JVANTSPIJKER í Rotterdam og KJELLGREN KAMAINSKY ARKITEKTUR í Gautaborg varðandi vinnu við gerð rammaskipulags. Samþykkt að fela lögmanni bæjarins að lesa yfir drögin áður en gengið formlega frá samningi.
- 2) Rætt um fyrirkomulag vinnu- og kynningarfunda vegna skipulagsvinnunar í næstu viku. Hönnunarteymi arkitektastofanna stýrir fundunum. Fundað með stjórendum á hinum ýmsu fagsviðum bæjarins og öðrum sérfræðingum varðandi umferðar- og skipulagsmál mánudaginn 26. nóvember í Hafnarborg. Þriðjudaginn 27. verða vinnufundir hönnunarteymis og síðan fundir með hagsmunaaðilum og lóðarhöfum á skipulagssvæðunum og einnig almennur kynningarfundur með íbúðum og kjörunum fulltrúum í Bæjarbíói. Guðrún mun ganga frá útsendingu fundarboðs og einnig verður kynningarfundur auglýstur í blöðum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:15

LG ritaði fundargerð